

S T A R F S S K Ý R S L A .

1 9 8 1

Gróðrarstöðin Tumastöðum.

1. Veðurfar ársins .

Hér á eftir koma upplýsingar um veðrið á Sámstöðum fyrir árið 1981 en Sámstaðir eru í 1,5 km. fjarlægð frá Tumastöðum og gefur því góða hugmynd um veðrið hér.

Á töflu 1. er meðalhiti hvers mánaðar og vik frá meðaltali árana 1931 - 60 og einnig vik frá meðaltali árana 1971 - 1980, síðan er úrkoma með sömu frávikum og sólskinsstundir og frávik frá meðaltali og er þar notað meðaltal árana 1971 - 1980, neðst á töflunni er meðaltal ársins og frávik og meðaltal mánuðina júní-september og frávik.

Á töflu 2. eru tilgreindir þeir dagar sem voru með lágsta hitastig í mælissskýli og að líkindum frost við jörðu á tímabilinu 10. maí til 20. september.

Á töflu 3. er skrá yfir daga sem eru með hita 17 C og meira, eins mesta frost vetrarins.

Þessar árið er skoðað kemur í ljós að aðeins apríl er með meiri hita en í meðallagi miðað við árabílin 1931 - 1960. September er sá úrkomuminnsti frá 1964 og var úrkomun aðeins 29,1 mm og var norðan átt ríkjandi. Októberm. er sá kaldasti frá 1964 en jafnframt mjög sólríkur og var hiti -4,5 c undir meðallagi.

Jörð fór að frjósa um mánaðarmót sept. - okt. og þiðnaði jörð ekki eftir það á árinu, tölvvert snjóaði 24. okt og var sá snjór sem þá kom og eins snjór sem kom um miðjan nóvember og dró í skafna ekki horfinn um áramót.

Tafla I. Hita-, úrkomu- og sólskinsmælingar á Sámstöðum 1981.

Mánuður	Hitastig C		Úrkomu mm		Sólskinsstundir		
	Meðal- tal	vik frá meðal- lagi árin 1931-60	vik frá meðal- lagi % 1931-60	Samtals	vik frá meðal- lagi 1971-80	Samtals	vik frá meðallagi 1971-80
Janúar	-2,3	-2,0	1,5	139,0	1,38	25,2	-6,7
Febrúar	-0,5	-0,3	-1,3	143,1	1,18	40,9	-8,8
Mars	-0,1	-1,8	-1,5	42,5	0,36	122,6	19,0
Apríl	4,5	1,2	0,6	114,5	1,17	109,9	-23,9
Mai	7,1	0,0	0,3	37,7	0,53	146,2	-39,2
Júní	8,7	-1,2	-0,6	80,6	0,94	120,7	-47,2
Júlí	10,5	-1,1	-0,5	53,9	0,68		
Ágúst	10,9	0,0	0,3	105,3	0,96	112,2	-28,5
September	7,5	-1,0	0,1	29,1	0,26	125,2	4,4
Október	0,3	-4,5	-4,4	46,4	0,33	154,4	75,9
Nóvember	0,1	-2,3	-0,5	117,2	0,92	28,4	-17,3
Desember	-2,1	-2,9	-1,7	66,4	0,59	31,4	12,5
Árið	3,7	-1,3		975,7	88,6		
Júní-sept.	9,4	-0,83					

Tafla II. Hitastig undir frostmarki við jörð 10. maí - 20. sept.

Mánuður	Dagur	Mælaskýli
Maí	12.	0,5
"	16.	0,8
Sept.	4.	3,5
"	5.	1,5
"	6.	1,2
"	7.	2,0
"	9.	2,1
"	10.	2,1

Tafla III. Hiti 17° C og meira um sumarið.

Mánuður	Dagur	Hámarksh. C
Maí	17.	17,2
Júlí	22.	17,2
"	24.	17,0
ágúst	1.	17,7
Mesta frost um veturinn varð:		
Janúar	3.	-12,7
"	4.	-13,5
"	15.	-14,0
"	24.	-12,0
"	25.	-13,5
Desember	8.	-12,0
"	22.	-12,6

2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

Laufgun og lauffall.

Laufgun birkiskjólbeltna hér í gróðrarstöðinni sem alin eru upp af fræi frá Bæjarstað laufguðust 8. júní en lauffall varð 28. september.

Í Múlakoti var hengibirki orðið gult 10. september en þá var steinbirki ekkert farið að gulna, þá var alaskalerki orðið gult en síberíulerki og eins evrópulerki ekkert farið að gulna.

Vöxtur.

Sitkagreni skjólbeltið norðan við umdæmisbústað einföld röð og sitkagreni beltið sem er vestur af því og er tvöfalt var plantað

1969 - 70 og eru af íslenskum uppruna frá úr Tumastaðabrekku og frá frá Hveragerði sáð hér og á Hallormstað 1959, plönturnar voru 80-100 cm. háar er þeim var plantað og plöntufjöldi 98 stk.

Árið 1974 voru tréin mæld og var meðalhæð þeirra þá 2,08 m. og hæsta tréið 3,13 m. á hæð en lægsta tréið 1,4 m. þá var lengsti árssprot 56,0 cm. og meðalvöxtur trjáa 25,28 cm.

Árið 1981 voru þessi tré mæld að nýju og samkvæmt þeim mælingum kemur þetta í ljós, 1 tré hefur drepist og eftir standa 97 tré, hæsta tréið er 5,20 m. og 21 tré er hærri en 4,70 m. lægsta tréið er 2,10 m., meðalhæð trjáanna er nú 4,03 metrar og meðallengd árs- sprota 1981 er 36,49 cm. og meðaltals vöxtur trjáanna á þessum 7 árum er því er því 27,86 cm., toppar hafa oft misfarist í beltunum í ár var engin ársvöxtur á 4 trjám, lengsti árssproti var 60 cm.

Fræfall.

Það hefur aldrei verið eins mikið af könglum á sitkagrenitrjámum hér eins og í haust og var þeim safnað og könglarnir sendir að Mógilsá til þreskingar, hvað mikið af fræi kom úr könglunum veit ég ekki en könglarnir vigtuðu 250 kg. og var þá búið að hálf þurka þá, þar af voru 100 kg. af íslensku kvæmi eða af plöntum sem sáð var hér 1959.

Safnað var 12,0 kg af birkifræi í Múlakoti, Þorsteinslundi, Þórs- mörk og Þjórsárdal.

Starfsfólk.

Almenn vinna í gróðrarstöðinni byrjaði ekki fyrr en í byrjun maí og henni lauk að mestu í byrjun september vegna kulda en 3 karl- menn auk verkstjóra unnu þó fram að jólum við vetrarumbúnað og viðhald.

Unnar vinnuvikur í hverjum mánuði.

	Konur	Karlar	Samtals
Janúar	1,6	4,0	5,6
Febrúar		4,0	4,0
Mars		4,9	4,9
Apríl	6,8	9,9	16,7
Maí	26,6	28,9	55,5
Júní	40,7	42,3	83,0
Júlí	30,2	40,5	70,7
Ágúst	19,8	31,9	51,7
September	4,5	21,0	25,5
Október		19,0	19,0
Nóvember		16,0	16,0
Desember		14,0	14,0

Gróðrarstöð.

Fræplöntur.

Sáð var 4,8 kg. í 492 m². Samkvæmt talningu í haust eru 1/o plöntur ekki nema 250.000 stk. en ættu að vera helmingi fleiri og í því sambandi má geta þess að plöntufjöldi á m² af stafafuru og sitkagreni í sáningu þessa árs er allt of lítill hefði þurft að vera helmingi meiri. Plöntufjöldi af stafafuru var 605 og 633 plöntur á m², en af sitkagreni 686 plöntur á m², 1/o plöntur eru auk þess mjög smáar og má búast við vanhöldum í vetur verna holklaka.

Af 2/o plöntum eru til um 300.000 stk og er of lítið ættu að vera um 450.000 stk. svo hægt sé að sortera þær til dreifsetningar betur en gert hefur verið, auk þess eru þær fremur smáar og henta betur í móband en í úti dreifsetningu.

Sumrinu má að nokkru um kenna hvað 1/o og 2/o plöntur eru smáar en það var sólar lítið og kalt.

Dreifplöntur.

Dreifsettar voru 481.953 stk. af plöntum í gróðrarstöðinni í ár, í móband var dreifsett 220.768 stk. en á beð 261.185 stk. og er þetta meira en verið hefur á undanförunum árum.

Afhentar voru 45.000 stk af 2/o plöntum til dreifsetningar annarstaðar.

Beða dreifsetning leit vel út í haust og lofar góðu og sama er að segja um meiri hluta af dreifsetningu í móband en vetur gekk í garð með hörku frosti um mánaðarmótin september og október og getur það haft áhrif á plönturnar hafi þær ekki verið búnar að ganga frá sér, það kemur í ljós síðar.

Um 2/2 plöntur er það að segja að vöxtur er góður á stafafuru en bæði hún og sitkagreni fóru að vaxa síðsumar og má því búast við að eitthvað verði um haustkál, vegna þess að haustið var kalt og vetur settist snemma að, fyrsta frostnóttin var 4. september og voru þá 7 frostnætur í röð.

Garðplöntur.

Stungið var 113.328 stk. af græðlingum í svart plast.

Seldar voru 41.273 stk. af garðplöntum og græðlingum.

Garðplöntur sem pottaðar voru á árinu 1980 og hafðar voru í litlu gróðurhúsunum fóru mjög illa og misfórust, það mun hafa þornað of mikið í pottunum um veturinn en ekki var hægt að komast til að vökva um lengri tíma vegna snjóþyngsla.

Afhending skógplantna.

Afhentar voru 178.107 stk af skógarplöntum en henda var um 25.000 stk. af stafafuru sem skemst höfðu í frystigeymslu, hvað olli þessu er ekki gott að segja en ég hallast helst að því að plönturnar hafi verið of blautar er þær voru teknar upp og settar í frystir.

Farið var að taka upp dreifsetningar plöntur haustið 1980 síðustu-
daga í október og fram að 10. nóvember. Skógarplönturnar voru
teknar upp fyrstu daga í nóvember og meðan á upptöku stóð var
rigning flesta daga og ringdi um 68 mm á meðan á upptökunni stóð
áður en farið var að taka upp gerði mikið frost í 5 daga og var
frostið -10,5 til -14,6 gr. við jörðu og 25 daga mældist frost við
jörðu í október. Var þetta orsökinn fyrir skemmdunum?

Byrjað var að afgreiða skógarplöntur 4. maí og var ekki lokið
fyrr en 13. júlí.

Ekki var hægt að taka upp neinar skógarplöntur í haust, til sölu
að vori vegna þess hversu snemma frost kom í jörðu.

Byrjaði að frysta 27. september og kom þá klaki í jörðu og hélst
hann árið út, en á undan hafði verið kuldi flesta daga frá
4. september.

Svo voru frostin mikil að ekki var einu sinni hægt að taka upp
plöntur í plastgróðurhúsum.

Norðan átt var 20 daga í september, 24 daga í október, 17 daga í
nóvember og 21 dag í desember.

Illgresiseyðing.

Gardoprim 80 var notað á dreifsetningarbeð þessa árs meðan það var
til, síðan gesarol, það verður aðvinna bráðan bug að því að út-
vega gardoprim 80 til notkunar á næsta ári því það tekur gesarol
framí notkun, virkar betur og eins getur gesarol skapað vissa
hættu vegna þess hvað það er seint að brotna niður.

Nýframkvæmdir.

Keypt var mótör bakdæla af gerðinni Mesto, enfremur dráttarvéla-
tengd úðadæla Hardi.

Keyptir voru 27.000 stk. af OS gróðrarstöðva pottum til notkunar í
garðplöntu uppeldi.

Ýmislegt.

Gerð voru upp 4 af litlu gróðurhúsunum en þau brotnuðu niður
undan snjóþunga sem kom rétt fyrir áramótin 1980 og 81 bogarnir
urðu ónýtir ásamt plastinu.

Nú er það svo að bogarnir sem eru úr rörum eru allir að verða ónýttir og farnir að slappast, virðast ryðga að innan og eru ornir þreyttir þola illa rok og leggjast undan vindi.

Skipt var um langbönd og plast á hliðum báruplastgróðurhúsins og bogar og langbönd máluð hvít, eftir er að mála og skipta um plast á göflum en það verður gert næsta vor og þá ætti að lengja húsið um 6,50 metra.

Gróðursetning.

Plantað var í landi Kollabæjar plöntum sem framl. voru á Mógilsá og fór gróðursetningin fram frá 30. júlí til 7. ágúst en plönturnar komu frá mógilsá 17. og 22. júlí.

Gróðursetningarstaðir .

Í Langholt var plantað 8.385 stk. af stafafuru og var plantað í norður og vesturbrekkur.

Í Seylugil var plantað 1950 stk. lerki.

Við vörðu á fjallgarðsbrún var plantað 975 stk. af lerki.

Í brekkur sem snúa á móti vertri sunnan við Seylugil var plantað 7.540 stk. af lerki og 13.390 stk. af stafafuru.

Plöntufjöldi.

Rússalerki 1/o Modo C-054	10.465 stk.
Stafafura 1/o Skagway C-044	<u>21.775 stk. ✓</u>
<u>Samtals</u>	<u>32.240 stk. ✓</u>

Gróðursetningin leit mjög vel út í haust og lofar góðu og vonast ég til að framhald verði á þessari tegund plöntuframleiðslu og hún tekin upp hér og dregið úr úti dreifsetningu.

Byggingar.

Viðhald. Einangrað var loft í fjóshlöðunni á Tunastöðum og klætt með spónaplötum og settur upp veggur á milli fjós og hlöðu og veggir og loft málað.

Á loftinu yfir gamla fjósinu sem nú er notað fyrir pottalager var sett port út undir súðinni og eins yfir kælirnum og klætt ofan á bitana og er komið þarna gott pláss fyrir lager af pottum og plasti. Gólf í skemmu framan við frystir var málað og veggir lakkaðir en þeir eru klæddir með mótakrossvið.

Settar nýjar útidyr framan við kæligeymslu.

Vélar og verkfæri.

L-d1165 massey ferguson árg.1972 var yfirfarin og ámoksturstæki og þau máluð, enfremur var götutætari tekinupp og komið í viðunandi ástand og jeppakerra máluð og smíðað yfir hana skýli.